



Borgarráð

Hallgerðargata 1A, sala á íbúð 303

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á eigninni Hallgerðargata 1A, íbúð 303, til Kristins Valberg Lýðssonar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 14. ágúst 2023 var ákveðið að hefja sölufjerli á níu íbúðum við Hallgerðargötu 1 - 11.

Verðmata var aflað á íbúðirnar og ásett verð ákveðið með hliðsjón af verðmötum.

Verðmat Hallgerðargötu 1A, F251-7524 sem er 42,5 m² íbúð nr. 303 er skv. mati tveggja óháðra matsmanna annars vegar 45.900.000,- og hins vegar kr. 44.100.000,-

Ásett verð var ákveðið kr. 45.000.000,- og var þá einnig horft til þess að íbúðin gæti fallið undir reglur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um hlutdeildarlán.

Fyrirliggjandi tilboð, sem samþykkt var með fyrirvara um samþykki borgarráðs á síðari stigum, hljóðar upp á ásett verð. Alls bárust 6 tilboð í eignina. Þrjú tilboðanna voru sambærileg, hljóðuðu upp á ásett verð og sett fram án fyrirvara. Því var hlutkesti látið ráða.

Greiðslutilhögun kaupsamningsgreiðslna eru eins og venja er til í hefðbundnum fasteignaviðskiptum.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

- Drög að kaupsamningi dags 1. mars 2024
- Söluyfirlit dags. 19. janúar 2024
- Kauptilboð dags. 31. janúar 2024
- Verðmat frá Gimli, dags. 11. október 2023
- Verðmat frá Eignamiðlun Suðurnesja, dags. 10. október 2023